

Mál nr. 261/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Ú.

Maður lenti með hendi í færiband og slasaðist 18.8.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
2. Bréf V dags. 25.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-7

Málsatvik.

M vann við færiband í fiskverkun og ætlaði að skola af hníf sem M var að vinna með, en þá festist hanski sem hann var með á vinstri hendi í færibandinu og M slasaðist á vinstri hendi. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns Ú hjá V og telur að vinnuaðstæður hafi verið óforsvaranlegar og verkstjórn og þjálfun ófullnægjandi. M var 16 ára þegar slysið varð. M segir að opið hafi verið inn á kefli færibandsins, þar sem hlíf hafi vantað þar sem M lenti með höndina í færibandinu. Vísað er til þess af hálfu M að hann hafi verið í of stórum vinnuhönskum og neyðarstöðvunarbúnaður færisbandsins hafi verið ófullnægjandi. V hafnar bótaskyldu og mótmælir því að slys M verði rakið til aðbúnaður eða vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi eða að fyllsta öryggis hafi ekki verið gætt sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. V telur skýrslu Vinnueftirlitsins byggða á misskilningi og röngum forsendum. V segir að þó að hlíf hafi vantað á enda færibandsins þá þýði það ekki sjálfkrafa að færibaldið hafi verið vanbúið. V mótmælir því að verklag og eftirlit með vinnu ungmenna hafi verið ófullnægjandi og slysið verði ekki rakið til skorts á fræðslu og kennslu eða því að M var í of stórum hönskum. Í umsögn Vinnueftirlitsins vegna slyssins kemur m.a. fram, að engar hlífur voru á færibandinu og opið hafi verið inn á kefli þess, sem Vinnueftirlitið telur m.a. vera orsök slyssins, einnig segir að M hafi ekki fengið viðeigandi öryggisfræðslu og þjálfun. Vinnueftirlitið mæltist til þess við Ú í kjölfar slyssins að settar yrðu hlífur á enda færibandsins til að fyrirbyggja slysaheitu.

Álit.

Atvik málsins eru staðfest í myndbandsupptöku. Þar má sjá M fara að enda færibands og setja hönd sína undir það þannig að hann festist. Af lýsingu í skýrslu Vinnueftirlitsins að dæma var ekki hlíf var á endanum á færibandinu sem M var að vinna við og Vinnueftirlitið telur það vera eina af orsökum slyssins. Í skýrslu þess kemur einnig fram að mælt sé til þess að slík hlíf verði sett á enda færibandsins til að fyrirbyggja slysaheitu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en það það hafi síðan verið gert. Verður því að líta svo á að færibaldið sem M vann við í umrætt sinn hafi verið vanbúið að því leyti að umrædda hlíf vantaði á endann á færibandinu, en það leiddi til þess að M gat farið með höndina inn að færibandinu og slasast. Vegna þessa vanbúnaðar á færibandinu ber Ú bótaábyrgð á slysi M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Ú hjá V.

Reykjavík 24.10. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.